

## 5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011

### Um samskiptagátt og reglubundin tjáskipti

5. aðalfundur FG 17.-18. maí 2011 beinir því til stjórnar FG að hún á því opni og reki samskiptagátt (spjallrás) og skipuleggi reglubundin tjáskipti á milli stjórnarmanna og hinna almennu félagsmanna sem og félagsmanna innbyrðis.

Frumskilyrði er að slík spjallrás sé í lokuðu umhverfi og þátttakendur skrifi undir nafni, á vef KÍ undir Mínum síðum.

#### *Greinargerð:*

Það skortir sárlega vettvang til almennrar upplýsingar og lifandi umræðu um öll þau fjölmörgu málefni sem snerta menntun, skólamál og kennara almennt. Hingað til hefur umræða um menntamál á Íslandi verið í skötulíki. Margar þær breytingar sem komið hafa til á síðustu misserum, t.d. varðandi grunnskólann, hafa verið gerðar nánast þegjandi og án allrar gagnrýnninnar umræðu bæði fyrir og eftir breytingarnar. Sem dæmi má nefna breytt skipulag samræmdra prófa við lok grunnskóla, nýtt efni og breyttar áherslur í stærðfræði, gjörbreyttar áherslur vð hönnun skólamannvirkja o.fl.

Ef kennarar telja sig hafa eitthvað fram að færa og ef það er sannur vilji þeirra að hafa áhrif á þróunina þá verða þeir að sýna frumkvæði og framtak. Opnum nýjar gáttir UPP Á GÁTT!